

VEIÐIMÁLASTJÓRI
REYKJAVÍK

RANNSÓKNIR A HÍTARÁ 12-14/8 1975.

Tilgangur rannsókna var að kanna seiðamagn í ánni fyrir ofan Kattarfoss. Rafveitt var á 4 stöðvum, fyrir ofan fossinn, ein stöð tekin í Grjótá og ein í Hítará fyrir neðan foss til samanburðar. Helztu niðurstöður eru í töflu og línuritum.

Athyglisvert er hve árgangurinn frá 1974 (1+) er sterkur. Bendir það til þess að hrygning fyrir ofan foss hafi fyrst heppnast vel haustið 1973, en þó þyrfti frekari rannsóknir til að skera úr um það, áin er löng, en aðeins rafveitt á fáum stöðvum. Fremur lítið virðist vera af seiðum sem klakist hafa út í vor fyrir ofan foss. Ástæðan gæti verið sú, að rafveitt hefði verið langt frá hrygningarstöðvum og seiðin ekki náð að dreifa sér um ána ennþá. Úr því ætti að fást skorið ef rannsókninni yrði haldið áfram næsta sumar.

Einhver hluti seiðanna er greinilega 4 vetur í ánni fyrir ofan foss, en í Grjótá eru þeir sennilega flestir 3 vetur í ánni, enda er hún hlýrri en Hítará. Reyndist hitastig í Hítará vera 8-11°C, en var 12,0°C í Grjótá, þá daga sem könnunin fór fram.

Reykjavík, 18. ágúst 1975.


Tumi Tómasson
Tumi Tómasson.

RAFVEIÐI Í HÍTARÁ OG GRJÓTÁ 12 - 14/8 1975.

| Veðiastaður staðsetning | m ² veiddir | heildarfj. laxá | fjöldi 0+ | fjöldi 1+ | fjöldi 2+ | fjöldi 3+ | önnur seiði fjöldi | áætluð veiðni | fjöldi laxar/ 100m ² |
|---|---------------------------|--------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|-------------------------|------------------|------------------------------------|
| 50 m. fyrir neðan vatn | 350 | 6 | - | - | 2 | 4 | 74 urriðar 1 bleikja | 30% | 6 |
| ca. 2km. fyrir neðan vatn | 280 | 44 | 5 | 31 | 4 | 4 | 53 urriðar | 35% | 45 |
| Við vað, sem notað var þegar stígninn var byggður. | 500 | 82 | 33 | 44 | 4 | 1 | 3 bleikjur | 50% | 33 |
| 100 m. ofan við Kattar foss | 500 | 19 | - | 19 | - | - | - | 50% | 8 |
| 500 fyrir ofan Bakkastreng | 500 | 84 | 58 | 22 | 2 | - | 7 bleikjur | 30% | 56 |
| Grjóta, á Flúðum ca. 70m fyrir ofan bústað | 300 | 119 | 58 | 45 | 16 | - | - | 50% | 79 |

* Veiðnin á 0+ hefur sennilega verið eitthvað lægri en áætluð veiðni,
því þau voru svo smá að þau gátu sloppið gegnum háfinn.

RAFNEIÐI Í HÍTARÁ 12-14/8 1975
 LENGDAR- OG ACDURS DREIFING VEIÐDRA LAKASEIÐA



□ = fyrir meðan þeim
 ■ = því óþen þess

NB. Meðta lengd meðal.

2+

3+

Lengd í mm

RAFVEIÐI Í GRJÓTÁ 13/8 1975

LÉNGDAR- OG ALDURS DREIFING VEIÐRA LAXA SÍÐA

N.B. Mesta lengd mæld

